

*Fundarstjóri, ágætu fundargestir*

Það leika naprir vindar um efnahagslíf heimsins um þessar mundir. Óvíða kaldari en á okkar hrjóstruga landi. Yfir okkur hellast slæmar fréttir, gjaldþrot, uppsagnir, niðurskurður, tap og skuldir. Hnípin þjóð hlustar. Reið og ráðþrota.

Það er erfitt að vera bjartsýnn við aðstæður sem þessar. Aðrar tilfinningar ríkja.

Bölsýnin eykur enn á vandann. Til að endurreisa íslenskt efnahagslíf þarf margt. Eitt af því er bjartsýni. Þjóðin þarf að fá aftur trú á sjálfri sér og leiðtogum sínum. Trúa því að landsmenn séu á réttri leið.

Án þess koðnar allt niður áfram. Enginn þorir að sýna frumkvæði, hefja rekstur og ráða starfsfólk. Fólk sem getur unnið og vill vinna fær þá ekki vinnu. Atvinnutæki standa óhreyfð. Verðmæti eru ekki sköpuð.

Við hvorki viljum né þurfum aftur þá ofurbjartsýni og fífldirfsku sem gerði stjórnlausum áhættufíklum kleift að koma okkur á kaldan klaka. Með dyggri aðstoð og velþóknun ráðamanna sem létu fámennan hóp pappírsauðkýfinga fara um hagkerfið eins og engisprettur um akur.

Leiðtogar þjóðarinnar leyfðu hópi manna að sölsa undir sig öll helstu fyrirtæki landsins, skipta á milli sín öllum feitustu bitunum. Þeir léku sér með annarra manna fé. Ef einhvers staðar var fé án hirðis þá fengu þeir að hirða það. Þeir fengu meira að segja íslenska ríkisábyrgð fyrir mesta glannaskapnum. Umræðulaust. Enda réðu þeir umræðunni. Kváðu niður alla gagnrýni. Deildu og drottнуðu.

Það er komið miklu meira en nóg af slíku.

Það hefur enginn trú á þessu lengur. Hvað gefur þá ástæðu til bjartsýni?

Jú, það er ýmislegt. Kannski fyrst og fremst það að í lýðræðisríki eins og okkar þá ræður þjóðin á endanum.

Hún velur þingmenn og forseta og getur skipt þeim út, hvort sem þeim líkar betur eða verr, þegar þeir hafa brugðist. Það verður án efa gert við fyrsta tækifæri.

Þjóðin ræður stefnunni. Hún getur ákveðið að sópa gamla hagkerfinu á öskuhauga sögunnar og reisa annað, nýtt og miklu betra á rústunum.

Til þess hafa Íslendingar alla burði. Við erum kraftmikil og vel menntuð þjóð, vinnusöm, útsjónarsöm og úrræðagóð. Okkur tókst á tuttugustu öld að byggja upp þjóðfélag sem við vorum stolt af með réttu. Friðsælt, opið og lýðræðislegt þjóðfélag með ein allra bestu líf skjör í heimi.

Við búum enn að öllu því sem þarf til að endurreisa þetta þjóðfélag og gera það enn betra. Fjármálakreppa eyðileggur ekki það sem mestu skiptir. Hún eyðir pappírsverðmætum.

Fólkið er enn hér. Menningin. Sagan. Auðlindir lands og sjávar. Ægífögur náttúran. Virðing fyrir lögum og reglum og trú á friðsamar lausnir. Þetta gerir okkur kleift að halda okkur í hópi þeirra þjóða heims sem búa best að þegnum sínum.

Vitaskuld býður Íslendinga erfitt verkefni. Það er því miður nær óhjákvæmilegt að ástandið á eftir að versna á marga mælikvarða

áður en það fer að batna aftur. Það eru engar auðveldar lausnir í boði. Fjölmörg heimili og fyrirtæki eiga eftir að ganga í gegnum erfiða og þungbæra fjárhagslega endurskipulagningu. Ríkið þarf að skera niður og hækka skatta.

Þetta eru ekki skemmtileg verkefni. Það er hins vegar ekkert sem fyrir liggur sem er óviðráðanlegt. Því fer raunar fjarri. Byrðarnar verða þungar um tíma en ef þeim er skipt á sanngjarnan hátt þá verða þær engum óbærilegar.

Nýja hagkerfið fær í vöggugjöf gríðarlegar skuldir. Einkageirinn skuldar mikið og mun raunar aldrei endurgreiða nema hluta þess. Hið opinbera mun skulda talsvert meira en landsframleiðslu eins árs. Það eru skatttekjur fjölmargra ára.

Þetta er auðvitað ekkert fagnaðarefni. Það er ekkert skrýtið að margir bölvni þeim sem komu okkur í þessa stöðu. Það á líka að draga þá til ábyrgðar, bæði siðferðilega og lagalega. Undanbragðalaust. Uppgjör við fortíðina er nauðsynlegur liður í uppbyggingunni.

Skuldirnar eru samt ekki, frekar en annað sem við þurfum að takast á við, óviðráðanlegar. Það hafa ýmis ríki þurft að takast á við skuldir sem þessar og tekist það. Þeim mun örugglega fjölga á næstunni enda því miður ýmis dæmi um ríki sem eru með lítið skárna fjármálakerfi en hið helsjúka íslenska kerfi var orðið undir lokin.

Það má líka ekki gleyma því að Ísland býr, þrátt fyrir allt, að sterku lífeyriskerfi. Það hefur fengið þungt högg. Eftir stendur samt mun betra kerfi en flestar aðrar þjóðir búa að. Þjóðin er líka ung. Það skiptir miklu að íslenska ríkið þarf ekki að hafa verulegar áhyggjur af

lífeyrisskuldbindingum landsmanna, ólíkt mörgum nágrannaríkja okkar.

Hvað þarf þá að gera?

Það þarf að teikna upp nýtt hagkerfi, með nýjum leikstjórnendum og nýjum leikreglum.

Um flesta þætti þess er líklega breið samstaða. Flestir vilja bæði öflugan einkageira og opinberan geira. Sá síðarnefndi heldur uppi velferðarkerfi og tryggir öllum aðgang að góðri menntun og heilsugæslu. Hið opinbera setur leikreglurnar og sér til þess að þeim sé fylgt. Þar þarf ýmsu að breyta.

Einkageirinn skapar verðmæti og skatttekjur.

Hann þarf að losna við meinsemdir útrásarvíkinga, með öll sín eignarhaldsfélög, „Group“, bókhaldsbrellur, vogaðar stöður, skattaskjól, eigna- og stjórnunartengsl, pólitísk tengsl og hvað þetta nú allt saman heitir. Þetta er hluti af því sem fara þarf á öskuhauga sögunnar. Ekkert af þessu skapaði nein raunveruleg verðmæti.

Í stað þess getur komið blómlegt atvinnulíf með fleiri og smærri fyrirtækjum, dreifðara en einfaldara eignarhaldi, meiri valddreifingu, meira gagnsæi, hraustlegri samkeppni, meiri nýsköpun, fleiri tækifærum fyrir alla. Ópið, sanngjarnt og heilbrigt efnahagslíf.

Það þarf mörgu að breyta. Fyrst hugarfarinu. Sú hugmyndafræði sem kom okkur í núverandi stöðu er andlega gjaldþrota.

Þeir sem fóru fyrir henni þurfa að víkja strax af sviðinu og láta öðrum eftir uppbygginguna. Hvort sem þeir eru í stjórnámálum,

stjórnkerfinu, fyrirtækjarekstri, fara fyrir hagsmunasamtökum eða voru bara í klappliðinu.

Fyrsta skrefið til fyrirgefningar er að þetta fólk rétti fram sáttahönd og axli ábyrgð með því að víkja. Því miður hefur lítið sést til þeirrar sáttahandar enn þá. Það glittir bara í löngutöng.

Allt þetta fólk má auðvitað starfa að uppbyggingunni en það má ekki og getur ekki stjórnað henni. Þeir sem strönduðu þjóðarskútunni eiga ekki að stýra henni af strandstað. Þeir geta ekki hvatt landa sína til dáða. Það hefur enginn trú á þeirra lausnum. Þeir mega hins vegar leggjast á árarnar með öllum hinum. Á almennu farrými.

Með nýrri sýn og nýrri forystu verða Íslendingum allir vegir færir. Okkur vantar ekkert annað til að hefja endurreisn Íslands.